



Landvarðafélag Íslands

Ársskýrsla

2024-2025



FÉLAGIÐ

Landvarðafélag Íslands var stofnað árið 1976 og verður því hálfrar aldar gamalt að ári. Í Landvarðafélagi Íslands eru um 330 skráðir félagar og af þeim greiða um 200 félagsgjöld að jafnaði. Hafa ber í huga að ekki eru allir félagar enn starfandi sem landverðir og ekki eru allir starfandi landverðir skráðir í félagið.

STÖRF STJÓRNAR OG NEFNDA

Aðalfundur Landvarðafélags Íslands var haldinn 9. apríl í húsakynnum Sameykis. Töluverðar sviptingar urðu á stjórn félagsins en allir stjórnarmeðlimir sögðu af sér eða gáfu ekki kost á sér aftur. Því var kosin alveg ný stjórn á aðalfundinum. Magnús Hallur Jónsson var kjörinn formaður, Hlynur Aðalsteinsson varaformaður, og Anna Þuríður Pálsdóttir, Josephine Lilian Roloff og Sólborg Birgisdóttir voru kjörnar sem aðrir meðstjórnendur. Á fyrsta stjórnarfundinum tók Anna Þuríður að sér hlutverki ritara, Josephine varð gjaldkeri og Sólborg meðstjórnandi. Þórhallur Jóhannsson og Marianna Óskarsdóttir voru kjörin aftur sem varamenn á aðalfundinum.

Í kjara- og laganefnd buðu sig fram Guðrún Úlfarsdóttir, Hlynur Aðalsteinsson og Magnús Hallur Jónsson. Þórhallur Jóhannsson var kjörinn varamaður í kjara- og laganefnd. Í fræðslu- og skemmtinefnd bauð Josephine Lilian



Gyllta stikan, heiðursviðurkenning Landvarðafélagsins, var afhent í fyrsta sinn til Vigdísar Finnbogadóttir.

Roloff sig fram og Sesselja Traustadóttir, Marcela og Benjamín Þórlákur Eiríksson gengu í nefndina í framhaldinu. Í alþjóðanefnd sátu áfram Hrafnhildur Ævarsdóttir, Linda Björk Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Á aðalfundinum voru samþykktar breytingar á lögum Landvarðafélagsins, grein 12. c) um starfsfyrirkomulag stjórnar, og grein 2. um heimilisfang Landvarðafélagsins. Einnig voru reglur um ferðasjóðinn samþykktar og nýrri stjórn falið að skipa í afmælisnefnd í tilefni 50 ára afmælis Landvarðafélagsins árið 2026.

Stjórn fundaði 9 sinnum yfir starfsárið og fór í eina vinnuferð í Melasveit.



HAGSMUNAGÆSLA

Ný stjórn skrifaði grein um ábyrga ferðamennsku. Ætlunin var birta hana í upphafi sumars en þar sem skrifin drógust fram á sumar var ákveðið að geyma greinina og birta fyrir komandi sumar.

Stjórnin gerði könnun um hag landvarða, Spurt var um hagi landvarða, ánægju í starfi, menntun, upplifun landvarða af eigin öryggi og öryggi gesta, og upplifun og skoðun landvarða á sameiningu friðlýstra svæða undir nýrri stofnun. Ákveðið var að kynna Sigrúnu Ágústsdóttur nýjum forstjóra

Náttúruverndarstofnunnar niðurstöðurnar er varða sameininguna, og reyna skipuleggja fund með henni fyrir félagi Landvarðafélagsins. Einnig byrjuðum við að ræða nýjan stofnanasamning, en þær viðræður er núna í höndum SGS og Sameykis.

Ákveðið var að kynna ekki niðurstöður skýrslunnar til umhverfisráðherra sökum óstöðugleika í ríkisstjórninni og bíða með að kynna niðurstöðurnar fyrir þjóðgarðsverði Þingvalla.

Þeir fundir verða nú á vordögum.

UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR

Félagið sendi frá sér eftirfarandi umsagnir:

- Umsögn við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, lögum um Vatnajökulspjóðgarð og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar)
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár fyrir árin 2025-2029
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt

Í kjölfar þess að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkti að hefja opnun á akvegi í gegnum Vonarskarð í tilraunaskyni sendi stjórn Landvarðafélagsins frá sér ályktun þar sem hún lýsti yfir vonbrigðum og varhug með þá aðgerð.



VIÐBURÐIR

Fræðsluganga um Öskjuhlíð

Þann 23. Maí var haldin kvöldganga um Öskjuhlíð um kvöldið með Ragnhildi Guðmundsdóttur, líffræðingi hjá Náttúruminjasafni Íslands og þar með BIODICE. Í göngunni var fjallað um líffræðilegan fjölbreytileika og Ragnhildur lagði áherslu á ágengar framandi tegundir, en einnig tengsl okkar við náttúruna og mikilvægi þess að lifa í sátt við hana. Gangan var fámennt en þátttakendur nutu göngunnar!

Gyllta stikan

Stjórn Landvarðafélagsins gaf í fyrsta sinn Gylltu stikuna, heiðursviðurkenningu Landvarðafélagsins. Verðlaunin hlaut frú Vigdís Finnbogadóttir fyrir óeigingjörn störf í þágu náttúruverndar.

Haustferð

Fræðslu- og skemmtinefnd skipulagði árlega haustferð Landvarðafélagsins. Til stóð að fara á Breiðamerkursand og gista á Hrollaugsstöðum, en hætta þurfti við ferða vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Jólaglögg

Landvarðafélagið stóð fyrir jólaglögg í aðventunni. Sem fyrr var hún haldin á Café Rósenberg og fjölmenntu landverðir þangað.

Pítsu- og píluhittingur

Fámenn en góðmenn mæting á pizzu í BakaBaka og pílu á Skor.

VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

Vorferð í Þakgil

Þar sem haustferðin féll niður er stefnt á vorferð í staðinn, þar sem stefnan er sett á Þakgil. Verður hún um mánaðarmótin maí/apríl. Við vonum að landverðir fjölmenni í hana og hiti upp fyrir sumarið.

KJARAMÁL

Viðræður standa yfir vegna gerð nýs stofnanasamning SGS við Náttúruverndarstofnun. Ólíkt síðustu stofnanasamningsgerð þá hefur Sameyki dregið lappirnar og SGS verið fullt eldmóði. Mögulega má það rekja til nýjan Framkvæmdastjóra SGS. Sameyki hefur hafið viðræður við NVS án viðræðna við Landvarðafélagið, þrátt fyrir ítrekaða tölvupósti.

KYNNINGAR

- Magnús og Þórhallur gerðu upptöku fyrir nemendur Fjallaleiðsögumannaskóla (FAS)
- Félagið var kynnt fyrir nýja Landverði á Landvarðanámskeiði Náttúruverndarstofnunar
- Núverandi og fráfarandi formenn Landvarðafélagsins kynntu félagið fyrir nemendur Leiðsögumannaskóla (MK)

Landvarðafélagið bauðst til þess að kynna störf Landvarða fyrir fyrirtæki í ferðamannaíðnaðinum við engar undirtektir.